Æfingaíbúð Grensáss

Dvöl skjólstæðings í íbúðinni skal vera eins sambærileg eins og um sjálfstæða búsetu væri að ræða.

Æfingaíbúðin er fyrst og fremst hugsuð fyrir skjólstæðinga sem hafa gagn af því að þjálfa sjálfstæða búsetu, auka öryggi þeirra áður en kemur að útskrift og/eða prófa hjálpartæki.
Umsjónarmenn íbúðar eru hjúkrunarfræðingur á dagdeild og iðjuþjálfi. Þeir taka ákvarðanir um hverjir fá aðgang að henni.

Íbúðinni skal úthlutað að hámarki til 4 vikna í senn.

Reglur um notkun

1. Skjólstæðingur sem hefur íbúðina til umráða ber ábyrgð á því að farið sé eftir umgengnisreglum.
2. Skjólstæðingur býr einn í æfingaíbúð meðan á dvöl stendur. Ekki er gert ráð fyrir næturgestum en mögulegt er að nánustu aðstandendur sem eiga sama heimili og skjólstæðingur fái leifi til að gista.
3. Skjólstæðingur tekur virkan þátt í endurhæfingaráætluninni sem hann og teymið setja.
4. Teymi skjólstæðings ber ábyrgð á að markmiðum sé fylgt eftir.
5. Skjólstæðingur er í sjálfstæðri búsetu og þarf sjálfur að sjá um matarinnkaup og dagleg þrif.
6. Skjólstæðingur ber sjálfur kostnað af matarinnkaupum. Ef skjólstæðingur er ekki fær um matseld og matarinnkaup skal gert samkomulag við deild R2.
7. Skjólstæðingur er innritaður á R2 og fær alla nauðsynlega þjónustu þaðan.

Umgengnisreglur fyrir þá sem hafa æfingaíbúð til umráða

1. Reykingar og notkun áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í æfingaíbúðinni.
2. Þar sem íbúðin er á sjúkrastofnun gilda reglur hússins varðandi heimsóknir, umgengni og hávaða.
3. Bjöllukerfi í íbúð er ekki tengt vakt á 2 hæð. Ef kalla þarf á hjálp frá deild, þarf að nota síma.
4. Dagleg þrif eru á ábyrgð skjólstæðings nema annað sé ákveðið.
5. Öllum ber að ganga vel um íbúðina og tilkynna bilanir til umsjónarmanna.

Undantekningar frá ofangreindum reglum verða ávalt að vera í samræmi við þau markmið sem ákveðin voru með dvölinni.

Hvernig sótt er um íbúðina

Meðferðarteymi skjólstæðings sækir um dvöl í íbúðinni á þar til gerðu eyðublað til umsjónarmanna íbúðar. Þar þarf að koma skýrt fram hver er tilgangur með dvölinni, hvaða þjónustu skjólstæðingurinn þarf frá deild R2 og við þrif.

Umsjónarmenn íbúðar:
Ellen Þórarinsdóttir hjúkrunarfræðingur dagdeild, sími **9329** netfang **ellenth@lsh.is**
Sigþrúður Loftsdóttir iðjuþjálfi sími, **9121** netfang **sigthrud@lsh.is**

Grensási september 2010
EÞ, MK, SG, SL